

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. desember 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-85/2016:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 29. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýst ágreiningur aðila um bílasamning og uppgjör hans, en álitsbeiðandi heldur því fram að lokagreiðsla hafi verið gerð í lok árs 2011. Þrátt fyrir það hafi seljandi gert vörslusviptingu á bifreið þeirri er lánasamningurinn laut að. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi afhendi sér bifreiðina.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýr að því hvort bílasamningur, lánasamningur, sem álitsbeiðandi gerði við seljanda, sé að fullu greiddur, eða hvort seljanda hafi verið heimilt að beita vörslusviptingu vegna vaneftnda á lánasamningnum. Er því fremur um að ræða ágreining um lánasamning við fjármálafyrirtæki, fremur en um ágreining á grundvelli laga um lausafjárkaup, þjónustukaup eða neytendakaup, en valdsvið kæruneftndarinnar er takmarkað við ágreining skv. þeim lögum. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

Er rétt að benda álitsbeiðanda á að úrskurðarneftnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fjallar um ágreining einstaklinga við fjármálafyrirtæki.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður